

1854. í gott lag; og ef að lengri tími gengur til þess, en 10 ár, getur
 16. ágúst. danska stjórnin tekið til þess rjettar er hún hefur áskilið sjer í
 3. gr., að taka leyfið aptur án nokkurs endurgjalds.

12. Ef að nauðsyn þykir eða hallkvæmara að láta rafsegulþráð þenna liggja í aðra stefnu en til er greint í 1. gr., eður að láta hann greinast þannig, að hann endi á fleiri stöðum en í Kaupmannahöfn, má Tal. P. Shaffner eiga von á að fá leyfi til þess, þegar hann beiðist þess, og hefur áður orðið ásáttur við hina dönsku stjórn um það, með hverjum kostum þessa breytingu megi gjöra, og hvernig og hvenær hún skuli komast á.

13. Tal. P. Shaffner skal heimilt að láta af höndum leyfi þetta til hvers sem vera skal, hvort það er fjelag eða einstakur maður, með sömu rjettindum og sömu skyldum, sem hann hefur sjálfur. Þó skal það undireins kunngjört hinni dönsku stjórn, ef það er látið af hendi, og skal sá eða þeir, sem standa fyrir fyrirtæki þessu, bæði á meðan verið er að starfa að því, og eptir að því er lokið, vera þess skyldir, eptir hæfilegan tíma til undirbúnings, að skýra hinni dönsku stjórn frá hverju því, er hana varðar.

Í hvert skipti, er þurfa þykir að skýra orð og efni leyfisbrjefs þessa, skal Tal. P. Shaffner hlíta úrskurði innanríkisstjórnar Vorrar.

Bönnum Vjer öllum og sjerhverjum að standa móti því, sem hjer er fyrir skipað.

28. ágúst. **13. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-
 mannsins og biskupsins á Íslandi um uppástungur
 skólameistarans í Reykjavík.**

Í fyrr asumar, 19. ágúst 1854, bað stjórnin yfirstjórn skólans (*Ephorat*) um álit hennar um nokkrar uppástungur skólameistarans, einkum þær er lutu að því:

1. að skylda ætti skólasveina, alla nema þá í neðsta bekk, til að nota kennsluna í frakknesku og ensku, og verja til þess

4 tímum í viku, en þó ekki af hinum reglulega skólatíma, eða 1854.
að þeir að minnsta kosti velji eptir eigin geðþótta annað málið 28. águst.
og verji 2 tímum í viku til að læra það.

2. að sú ákvörðun, í 1. gr. skólareglugjörðarinnar, saman
borin við 60. gr., að taka megí sveina, sem ekki eiga að læra,
til kennslu í skólanum, verði einnig látin gilda fyrir Reykjavíkur-
skóla, á þann hátt, að þess konar sveinum verði leyft að nota
kennsluna í öllu í neðsta bekk nema latínu og grísku, og að
sá skilmáli sje settur til þess, að þeir verði teknir í skólann, að
þeir sjeu fullra 12 ára; að þeir kunni íslenzka rjettritun og skilji
dönsku, ef þeir eru íslenzkir, og kunni danska rjettritun og skilji
íslenzku, ef þeir eru fæddir af dönsku foreldri, og að öðru leyti
sje hið sama heimtað af þeim til að komast í skólann, eins og
hinum, sem læra eiga, að frá skildri latínunni.

3. að sett verði nefnd, og sjeu í henni auk kennaranna
við skólann 2 aðrir menntaðir embættismenn, t. a. m. forstöðu-
maður prestaskólans og dómkirkjupresturinn í Reykjavík, til að
velja úr bækur þær sem gagn sje að að halda í bókasafni skólans,
og að skólameistarann verði leyft að selja hinar bækurnar á
uppboðsþingi, og verja andvirðinu til að kaupa nýjar bækur.

4. að þeir sem ganga undir burtfararpróf og ætla að fá
styrk við háskólann, skuli taka hinn seinni hlut burtfararprófsins
á háskólanum, en fyrri hlutann í skólanum

5. að það skyldi mega veita efnilegum sveinum ölmusur,
þó að þeir þyrftu þeirra ekki beinlínis til lífsuppheldis á meðan
þeir eru í skóla, svo að það skyldi mega safna fyrir afgang-
inum og borga þeim hann, þegar þeir fara til háskólans eða
prestaskólans.

6. að nákvæmar skuli ákveða, hve lengi skólasveinn geti
verið í sama bekk og haldið ölmusu.

Þegar stjórnin hafði fengið brjef stiptyfirvaldanna, dagsett
19. maí næst liðinn og álit þeirra um þessi atriði, skar hún þannig
úr þeim:

1. Stjórnin fellst á það samkvæmt uppástungu yfirstjórnar skól-
ans að allir skólasveinar skuli framvegis vera skyldir að læra
þjóðversku; að skólameistarann skuli sett í sjálfs vald, að skera

1854. úr því, hverjum sveinum skuli leyft að nota kennsluna í ensku
28. ágúst. og frakknesku, öðru málinu eða báðum, og að banna þeim þessa
kennslu, ef að honum þykja þeir ekki færa sjer kennsluna vel í
nyt, eða að hún standi þeim fyrir framförum í öðrum lærdómi.

2. Stjórninni þykir ísjárvert að taka menn inn í skólann,
sem ekki eiga að læra, og ekki eiga að taka þátt í kennslunni
í gömlu málunum, af ástæðum þeim, sem yfirstjórn skólans og
kennsluumsjónarmaðurinn hefur í ljósi látið.

3. Stjórnin er því ekki mótfallinn, að skólameistarannum
verði gefið vald á að selja á uppboðsþingi bækur þær, sem ekki
er gagn að halda í bókasafninu, og verja andvirðinu, eins og
hann hefur stungið upp á, þó skal sýna yfirstjórn skólans skrána
yfir bækur þær, sem selja á, og skal hún samþykkja hana.

4. og 5. Stjórninni þykja ekki nógar ástæður fyrir þessum
greinum til að fara eptir uppástungum skólameistarans eða að
ákveða gjörr en gjört hefur verið um þetta mál.

6. Stjórnin fellst á álitismál yfirstjórnar skólans um það,
að engi þörf sje að gjöra nákvæmari ákvarðanir um það efni.

30. ágúst. **14. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins
og amtmannanna á Íslandi um yfirgang útlendra
fiskimanna (duggara) á Austfjörðum.¹**

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hafði kvartað yfir því,
að útlendir fiskimenn frá Írlandi, Englandi og Frakklandi gjörðu
lands mönnum ýmsan ágang móti lögum og rjetti. Stjórnin fól
því sendiboðum konungsins í París og Lundúnum á hendur að
mæla móti yfirgangi þessum, og hlutast til að slíkt gengist ekki
við framvegis. Stjórnin hefur nú fengið svar upp á umkvartanir
þessar frá stjórnendum þessara landa, og hefur hin frakkneska
stjórn sent málið hlutaðeigandi embættismanni til nákvæmari

¹) Í brjefi frá innanríkisstjórninni til stiptamtmannsins og amtmann-
anna 25. septemb. 1854 skýrir frá því, að enska stjórnin ekki
geti komið því við að senda herskip til Íslands fyrri en næsta
sumar (1855).